

yrðin til að fá firma skrásett, þ. e. hvers skrásetjari á að gæta, er hann tekur firma á skrá. En þar með er ekki sagt, að nafntaka geti ekki þrátt fyrir það hallað rétti annars aðilja. Það virðist geta skipt allmiklu máli fyrir atvinnufyrirtæki að geta auðkennt sig með nafni, sem það eitt hefur rétt til að nota. Virðist sanngjarnt að viðurkenna slíkan rétt, enda verður ekki séð, að slík viðurkenning geti farið í bága við almenningshag.

Með tilvísun til þessa, og þar sem nafnið Leiftur virðist til slíks auðkennis fallið, sem hér um ræðir, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, hlutafélaginu Leiftri, Ólafsfirði, er óheimilt að bera nafnið Leiftur, og ber stefnda að fella nafn þetta af hlutafélagaskrá. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 74/1950. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Kjartani Steingrímssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot á gjaldeyrisákvæðum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði: Kjartan Steingrímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars Möllers, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. maí 1950.

Ár 1950, þriðjudaginn 2. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1723/1950: Ákærvaldið gegn Kjartani Steingrímssyni, en mál þetta var dómtekið samdægurs. Málið er höfðað gegn Kjartani Steingrímssyni útgerðarmanni, til heimilis á Nýlendugötu 24 B, hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit nr. 70 5. júní 1947, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947 um sama efni, til refsingar, upptöku ólöglegs hagnaðar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur 16. júlí 1918 á Flateyri við Önundarfjörð. Hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1941 15/4 Reykjavík. Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á 44. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1941 14/8 Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1942 2/4 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1947 7/3 Sátt: 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Í marz og apríl 1949 seldi s/s Sverrir E A 20 í þremur söluferðum ísvarinn fisk í Bretlandi fyrir £ 11851-0-0.

Skipið Sverrir er eign samnefnds hlutafélags, sem kærði er framkvæmdastjóri fyrir.

Fyrir fyrstu söluferðina skilaði kærði gjaldeyriseftirliti bankanna £ 1796. Fyrir hinar sölurnar gerði kærði engin skil þrátt fyrir ítrekaðar kröfur gjaldeyriseftirlitsins. Leiddi það til þess, að gjaldeyriseftirlitið beiddist rannsóknar í máli þessu. Við rannsókn málsins gat kærði gert viðunandi grein fyrir £ 7877 af samanlögðu söluverði þriggja fyrrgreindra fiskfarma. Eftirstöðvunum, £ 3974, gat kærði ekki stæðið skil á. Kvaðst hann hafa selt alla upphæðina sníátt og smátt ýmsum mönnum vorið 1949 fyrir kr. 40.00

pundið að jafnaði. Kærði sagðist ekki vita nokkur deili á mönnum þeim, er keyptu af honum pundin.

Kærði gaf þá skýringu á þessu framferði sínu, að honum hefði að visu verið ljóst, að hann gerðist brotlegur við lög með sölu pundanna, en hann hefði neyðzt til þess í því skyni að rétta við fjárhag útgerðar þeirrar, er hann veitir forstöðu, en útgerðin var mjög illa stæð fjárhagslega.

Ólöglegur ágóði af sölu kærða á pundunum nam kr. 53649.00. Er þá lagt til grundvallar, að hagnaður af hverju pundi hafi numið kr. 13.50, miðað við þáverandi gengi pundsins, er var kr. 26.50.

Með því að senda ekki gjaldeyriseftirliti bankanna skilagrein fyrir tvær seinni ísfisksöluvarnir hefur kærði gerzt brotlegur við 5. mgr. 29. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Með sölu pundanna hefur kærði brotið gegn 2. mgr. og 7. mgr. 25. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 og 2. mgr. 13. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947.

Á þeim tíma, sem kærði seldi pundin, giltu þær reglur með örfáum undantekningum, að hver sá, er fékk keyptan erlendan gjaldeyri hjá bönkunum, varð, auk hins skráða sölugengis, að greiða ákveðið viðbótar-gjald af leyfisfjárhæð þeirri, er honum var úthlutað. Viðbótagjald þetta var nokkuð mismunandi hátt, eftir því í hvaða skyni gjaldeyrinum skyldi varið. T. d. af gjaldeyrisleyfum til utanferða skyldi greiða 75% viðbótar-gjald, er þýddi það, að raunverulegt sölugengi pundsins varð í þessu tilviki röskar kr. 46.00, þegar þetta er virt, sýnist framburður kærða um, að hann hafi seltundi á kr. 40.00, mjög ósennilegur, því að alkunna eru hinir miklu erfiðleikar, er ríkt hafa um kaup á gjaldeyri með löglegu móti, og það vakti fyrir kærða, að eigin sögn, með sölu pundanna, að rétta við bágan hag útgerðar sinnar, svo að honum var eðlilega mest í mun að hagnast sem mest á sölunni.

Þykir rétt að hafa atriði þessi í huga við ákvörðun refsingar kærða til þess að útiloka möguleika kærða á að hagnast á broti sínu.

Þykir refsing sú, sem kærði hefur unnið til, hæfilega ákveðin kr. 50000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 frá 1947 og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 frá 1947 ber að gera ágóða þann, að upphæð kr. 53649.00, sem útgerðarfélag það, sem kærði veitir forstöðu, hefur haft samkvæmt eigin sögn kærða af gjaldeyrisbroti hans, upptækan ríkissjóði til handa, og ber að dæma kærða fyrir félagsins hönd til að greiða ágóðann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Kjartan Steingrímsson, greiði kr. 50000.00 í sekt til ríkissjóðs.

sjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði ríkissjóði f. h. útgerðarfélagsins Sverris h/f upp-tækan ágóða að upphæð kr. 53649.00 innan 15 sólarhringa frá birt-ingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 64/1950. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Ingva G. Kristjánssyni (Jón N. Sigurðsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Hinrik Jónsson, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappa-
dalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að
staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með
talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæsta-
rétti, hæstaréttarlögmennanna Tómasar Jónssonar og Jóns
N. Sigurðssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærði, Ingvi G. Kristjánsson, greiði allan kostnað
af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skip-
aðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlög-